

REGLUR

um breyting á reglum nr. 1110/2006, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2007.

1. gr.

3. másl. 6. mgr. í kafla 2.3 Bifreiðahlunnindi, Full og ótakmörkuð umráð orðast svo:
Sækja skal verð bifreiðar í bifreiðaskrá þess árs þegar bifreiðin var tekin í notkun og margfalda með verðbreytingarstuðli viðkomandi árs eða miða við staðgreiðsluverð nýrrar bifreiðar sömu tegundar á staðgreiðsluárinu 2007 reynist það lægra.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 21. maí 2007.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingibjörg H. Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2007